AKUREYRARBÆR
Skipulagssvið

Minnisblað

Efni: Tillaga að breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda.
Dagsetning: 6. febrúar 2020
Málsnúmer: 2017120021
Höfundur: Pétur Ingi Haraldsson

Afsláttur á gatnagerðargjöldum fyrir létt skýli

Á fundi bæjarráð 6. febrúar 2020 var samþykkt að fella niður gatnagerðargjald vegna byggingar á 242 fm skýli á lóð Terra Norðurland ehf. við Hlíðarfjallsveg. Vilji er til þess að heimila uppbyggingu sambærilegum þeim sem Terra hefur fengið leyfi til þess að setja upp án þess að upphæð gatnagerðargjalda verði takmarkandi þáttur í að sótt verði um leyfi (einföld mannvirki og gatnagerðargjöld hátt hlutfall kostnaðar við uppsetningu).

Í 5. gr. í gjaldskrá gatnagerðargjalda eru ákvæði sem varða niðurfellingu gatnagerðargjalda og heimildir til lækkunar og hækkunar. Heimildir sem fram koma í gr. 5.1 byggja á framsetningu í lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 en það er mismunandi hvernig þessar heimildir eru settar fram hjá sveitarfélögum. Er mælt með að gerð verði sú breyting á gjaldskránni að bætt verði við lið f. sbr. eftirfarandi:

5. gr.

Niðurfelling gatnagerðargjalds og lækkunar- og hækkunarheimildir

5.1. Almennar niðurfellingar- og lækkunarheimildir.

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem í a-**f** lið þessarar málsgreina segir:

a. Þegar grafið er út kjallararými eldri íbúðarhúsa enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá greiðist ekki gatnagerðargjald.

b. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis sem teljast til sameignar viðkomandi húsnæðis og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma að uppfylltum skilyrðum skv. 2. tl. 3. mgr. 5. gr. laga um gatnagerðagjald nr. 153/2006, greiðist ekki gatnagerðargjald.

c. Vegna stækkunar íbúðarhúss sem er a.m.k. 15 ára skal greiða 40% af venjulegu gatnagerðargjaldi skv. 1 – 5 tl. greinar 4.3 enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.

d. Vegna svalaskýla íbúðarhúsa sem eru 20 fermetrar eða minni greiðist ekki gatnagerðargjald.

e. Vegna óeinangraðra smáhýsa sem eru minni en 15 fermetrar greiðist ekki gatnagerðargjald.

f. Vegna léttra, óeinangraðra skýla í lokunarflokki B, greiðist ekkert gatnagerðargjald.

Þessi breyting á gjaldskrá mun einnig ná til t.d. bíl- og hjólaskýla, sorptunnuskýla o.fl.